

Alþingi
Erindi nr. P 140/1677
komudagur 2.4.2012



LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA
The Federation
of Icelandic
Fishing Vessel Owners

Borgartún 35
105 Reykjavík - Iceland
Tel.: +354 591 0300
Fax: +354 591 0301
www.liu.is

Reykjavík, 29. mars 2012.

Kristján L. Möller
formaður atvinnuveganefndar Alþingis.

65. mál

Á fundi stjórnar Landssambands Íslenskra útvegsmanna sem haldinn var 29. mars 2012 var fjallað um frumvörp til laga um stjórn fiskveiða og veiðigjöld var eftirfarandi ályktun samþykkt:

„Landssamband Íslenskra útvegsmanna átelur harðlega vinnubrögð við gerð frumvarpanna þar sem ekkert samráð var haft við atvinnugreinina. Verði frumvörpin að lögum munu þau hafa grafalvarleg áhrif á íslenskan sjávarútveg og íslenskt samfélag.

Áform um að skerða aflaheimildir og gera stærstan hluta afkomu fyrirtækjanna upptækan kollvarpa rekstri þeirra og fjölmörg þeirra verða gjaldþrota. Áhrif á tengdar greinar og þau byggðarlög sem byggja afkomu sína á sjávarútvegi verða einnig alvarleg. Með því að draga máttinn úr íslenskum sjávarútvegi er vegið að lífskjörum sjómanna, fiskverkafélks og landsmanna allra.

Útvegsmenn hafa óskað eftir aðkomu að endurskoðun laga um stjórn fiskveiða allt frá því að ríkisstjórnin komst til valda. Endurtekin frumvörp ríkisstjórnarinnar sem samín hafa verið án aðkomu greinarinnar hafa öll verið ónothæf. Nú er mál að linni.

Stjórn Landsambands íslenskra útvegsmanna skorar á ríkisstjórnina að draga frumvörpin til baka og vinna þau faglega með þátttöku atvinnugreinarinnar. Útvegsmenn óska eftir að skipaður verði starfshópur sérfræðinga með fulltrúum stjórnvalda og útgerðarmanna til að meta þjóðhagsleg áhrif frumvarpanna, áhrif þeirra á atvinnugreinina, starfsfólk og sveitarfélögin.“

Þar sem málið er nú á forræði atvinnuveganefndar Alþingis er þess hér með farið á leit við nefndina að skipaður verði starfshópur þingsins og útvegsmanna með vísan til ofangreinds.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna

Friðrik J. Arngrímsson
framkvæmdastjóri